

REGLUGERÐ

um hörpudisksveiðar.

1. gr.

Allar hörpudisksveiðar eru óheimilar nema að fengnum sérstökum leyfum Fiskistofu. Hvert leyfi er bundið við veiðar á einu tilteknu svæði.

Hörpudisksvæðin eru þessi:

1. Hvalfjörður.
2. Breiðafjörður.
3. Patreksfjarðarflói.
4. Arnarfjörður.
5. Ísafjarðardjúp.
6. Húnaflói.
7. Skagafjörður.

2. gr.

Veiðitímabil standi frá 1. september til 31. ágúst.

Aðeins er heimilt að veita skipi leyfi til hörpudisksveiða á ofangreindum svæðum að það hafi aflamark í hörpudiski á viðkomandi svæði, sé skráð á svæðinu og útgerð þess eigi þar heimilisfesti. Leyfið fellur úr gildi sé þeim skilyrðum ekki lengur fullnægt.

3. gr.

Skipstjóra er skylt að halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til, sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur. Upplýsingar í afladagbókum skulu nýtast í vísindalegum tilgangi, sem eftirlitsgögn og til annarra verkefna er varða stjórn fiskveiða.

4. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til hörpudiskveiða vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða ákvæðum leyfisbréfa sem gefin eru út með stoð í reglugerð þessari. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til hörpudisksveiða.

5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. ágúst 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Dórður Eyþórsson.